

Af þessum ástæðum ber að vísa málin ex officio frá yfirdóminum og dæma áfryjanda til að greiða hreppsnefnd Kaldrananesshrepps 15 kr. sem ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Málinu vísast frá yfirdómi. Afryjandinn Eymundur Guðbrandsson greiði hreppsnefnd Kaldrananesshrepps 15 kr. í ómaksbætur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 23. marz.

Nr. 14/1909

Firmað Pétur Jónsson & sonur  
gegn  
firmanu P. M. Bjarnason & Co.

D ó m u r :

Mál þetta höfðuðu aðaláfrýjendur, firmað Pétur Jónsson & sonur í Reykjavík, með stefnu dags. 14. apríl 1908 fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn gagnáfrýjendum, firmanu P. M. Bjarnason & Co. á Ísafirði, til greiðslu á andvirði fyrir pjáturdósir, er gagnáfrýjendur höfðu fengið hjá aðaláfrýjendum árið 1907, að upphæð kr. 2656,79. Auk þess kröfðust aðaláfrýjendur kr. 1000,00 í bætur fyrir tort, tap og lánstraustsspjöll, er þeir töldu gagnáfrýjendur hafa bakað sér og kr. 3500,00 í skaðabætur fyrir

annað tjón, er gagnáfrýjendur hafi bakað þeim. Loks kröfðust aðaláfrýjendur  $6\frac{1}{2}\%$  ársvaxta af öllum upphæðum þessum frá stefnudegi til greiðsludags. Af sinni hálfu höfðuðu gagnáfrýjendur gagnsök fyrir gestarétti Reykjavíkur með stefnu útg. 25. sept. 1908 gegn aðaláfrýjendum, og gerðu þær kröfur, að aðaláfrýjendur yrðu dæmdir til að greiða sér alt að kr. 23900,00 fyrir beint tjón, atvinnutjón, tort og lánstraustsspjöll ásamt  $6\%$  ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Með dómi uppkveðnum í gestaréttinum 26. marz 1909, voru gagnáfrýjendur dæmdir til þess að greiða aðaláfrýjendum kr. 2505,16 með vöxtum  $6\frac{1}{2}\%$  frá stefnudegi og kr. 1000,00 í skaðabætur. Í gagnsökinni voru aðaláfrýjendur sýknaðir af kröfum gagnáfrýjenda. Málskostnaður aðalsakar var látinn falla niður, en í gagnsökinni skyldu gagnáfrýjendur greiða aðaláfrýjendum 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skutu aðaláfrýjendur til landsyfirdómsins, með stefnu útg. 26. marz 1909, og kröfðust staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi. Af sinni hálfu skutu gagnáfrýjendur dómi gestaréttarins einnig til yfirdómsins með stefnu útg. 1. apríl 1909. Voru áfrýjunarmál þessi bæði að forminu til sjálfstæð, en undir rekstri fyrra málsins gerðu gagnáfrýjendur þá kröfu, að þeim yrði veitt heimild til þess að steypa sínu máli saman við mál áfrýjanda og frestur til að koma að gögnum sínum í því máli. Þessu mótmæltu aðaláfrýjendur. Var fyrra málið svo tekið undir dóm eða úrskurð 7. júní 1909 og dæmt í yfirdómi 21. júní 1909 með þeim úrslitum, að krafa gagnáfrýjenda um samsteypu málanna var eigi tekin til greina, og að gestaréttardómurinn var staðfestur eftir kröfu aðaláfrýjanda, en málskostnaður féll nið-



ur. Síðara málið hélt síðan áfram leiðar sinnar fyrir yfirdómi og var tekið til dóms 16. ágúst 1909. Var mál þetta síðan dæmt 6. sept. 1909 í yfirdómi með þeim úrslitum, að því var vísað frá dómi, með því að það var dæmt að efni til 21. júní s. á. og gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjendum 25 kr. í málskostnað.

Með stefnu útg. 22. nóv. 1909 skutu aðaláfrýjendur dómi yfirréttarins 21. júní s. á. til hæstaréttar og kröfðust þar staðfestingar á dómnum. Þessu máli gagnáfrýjuðu gagnáfrýjendur einnig með stefnu útg. 24. jan. 1912. Sömuleiðis áfrýjuðu gagnáfrýjendur dómnum 6. septbr. 1909 til hæstaréttar með stefnu útg. 24. jan. 1912. — Samkv. konunglegu leyfisbréfi 4. sept. 1912 voru mál þessi svo bæði saman dæmd í hæstarétti 21. jan. 1913 með þeim úrslitum, að bæði nefnd mál skyldu af nýju tekin fyrir í landsyfirdómi í því ástandi, sem þau voru í 7. júní 1909 og 16. ág. s. á., og skyldi gagnáfrýjendum veitast hæfilegur frestur í málunum báðum til þess að steypa máli sínu saman við mál aðaláfrýjenda.

30. júní 1913 voru svo málin bæði tekin aftur fyrir í landsyfirdómnum og sett í það ástand, sem þau voru í 7. júní 1909 og 16. ág. s. á. Hafa aðaláfrýjendur, svo sem áður er sagt, krafist staðfestingar á gestaréttardómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi. Gagnáfrýjendur hafa af sinni hálfu tekið út gagnáfrýjunarstefnu í málinu 2. ág. 1913, og hafa bæði málin verið sótt og varin saman. Gagnáfrýjendur hafa krafist sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í aðalmálinu, bæði kröfu um andvirði dósanna, skaðabóta- og vaxtakröfum og málskosnaðarkröfu. Í gagnsökinni hafa þeir krafist þess, að aðaláfrýjendur verði verði dæmdir til að greiða í skaðabætur alt að kr. 23900

með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, eins og áður er að vikið, og málskostnað fyrir báðum réttum. Aðaláfrýjendur hafa krafist sýknu í gagnsök.

Í marz mánuði 1907 gerðu málsaðilar þann samning með sér, að aðaláfrýjendur skyldu selja gagnáfrýjendum 100 þúsund þjaturdósir, aðallega 1 og 2 punda dósir kringlóttar. Verðið fyrir 1 punds dósir var ákveðið kr. 81.50 fyrir 1000 hvert, en kr. 102.50 fyrir 2 punda dósir 1000 hvert — alt frítt um borð á Reykjavíkurböfn, auk umbúða. Ef gagnáfrýjendur kynnu að biðja um aðrar dósastærðir, þá skyldi verðið hækka eða lækka hlutfallslega við fyrgreint verð. Aðaláfrýjendur skyldu láta afhendi alt að 20 þús. dósum með eins mánaðar fyrirvara. Dósirnar skyldu vera gallalausar og af góðu efni. Þær skyldu greiddar gegn farmskirteini (konnossement) og skyldi þá annaðhvort greitt strax í peningum eða með ávísun upp á annanhvorn bankann í Reykjavík. Ef efni í dósirnar skyldi hækka eða lækka í verði, þá skyldi dósaverðið fara hækkandi eða lækkandi að sama skapi.

Samkvæmt nefndum samningi fór fyrsta dósasendingin fram 29. júní 1907, samkvæmt beiðni gagnáfrýjanda í bréfi 13. s. m. og var hún greidd, að undanskildum kr. 33.49, að fullu 13. sept. 1907, og höfðu gagnáfrýjendur að því leyti eigi staðið við borgunarákvæðið í greindum samningi.

Næsta dósasending fór fram 27. okt. 1907, samkv. beiðni gagnáfrýjanda í bréfi 16. sept. s. á. Sendu aðaláfrýjendur þá, samkvæmt framlögðum reikningi, dósir, sem hér segir: 1662 4 pd. dósir, 1659 3 pd. dósir, 4602 2 pd. dósir, 5750 1 pd. dósir og 1000 hálfis pd. dósir, og töldu aðaláfrýjendur gagnáfrýjendur þá skulda



sér alls kr. 1971.75. Fyrir þessari fjárhæð mestallri (eða kr. 1936.27) gáfu aðaláfrýjendur út vixil á hendur gagnáfrýjendum, en gagnáfrýjendur neituðu að samþykkja hann, »af þeirri ástæðu, að dósirnar eru að líkindum allar ónýtar«, eins og gagnáfrýjendur rökstyðja neitun sína á vixilsamþykkinu.

Þrátt fyrir þetta biðja gagnáfrýjendur í bréfi 11. nóv. 1907 aðaláfrýjendur um nýja sendingu, og 5. des. 1907 senda aðaláfrýjendur enn þá 2100 1 pd. dósir og 3950 2 pd. dósir fyrir kr. 685,04, og er þessi sending einnig enn ógreidd.

Í bréfi sínu til aðaláfrýjenda, dags. 9. des. 1907, biðja gagnáfrýjendur enn um ca. 20 þúsund dósir í marz-mánuði næsta (3: 1908). En þessar dósir hafa aðaláfrýjendur aldrei látið gagnáfrýjendur fá.

Sýknuástæður sínar í aðalsökinni, að því er dósandvirðið snertir, þær er til greina geta komið, eins og málið liggur fyrir, byggja gagnáfrýjendur á þessum rökum:

1. Að aðaláfrýjendur hafi rofið samninginn með því að þeir hafi eigi sent svo margar dósir, sem um var beðið og þeir áttu að gera samkvæmt samningnum. Að vísu báðu gagnáfrýjendur um 20 þúsund dósir 16. júní 1907. Þessa dósatölu voru aðaláfrýjendur eftir samningnum skyldir að láta af hendi að mánuði liðnum. Þegar 29. júní 1907 létu aðaláfrýjendur af hendi á 8. þúsund dósir. En í bréfi 2. júlí 1907 segja gagnáfrýjendur, að aðaláfrýjendur skuli ekki »hasta sér neitt með dósirnar frammar en verkast vill«. Eins og áður segir, sendu aðaláfrýjendur 27. okt. 1907 yfir hálf 15. þúsund dósir, enda finna gagnáfrýjendur eigi að því, að sendingarnar hafi verið of litlar, hvorki þá né síðar, fyr en í máli

þessu. Á nefndum rökum verður eigi talið, að aðaláfrýjendur hafi gerst sekir um nein róf á samningi málsaðila í þessu atriði.

2. Byggja gagnáfrýjendur sýknukröfu sína á því, að dósirnar hafi verið meira og minna gallaðar, svo að þær hafi ekki orðið notaðar til niðursuðu í niðursuðuverksmiðju gagnáfrýjenda. Það skal þegar tekið fram, að það verður að líta svo á, sem aðaláfrýjendum hafi hlotið að vera það kunnugt, eða átt að vera það kunnugt, að nota átti dósirnar til niðursuðu í verksmiðju gagnáfrýjenda, er þeir ráku þá á Ísafirði. Ennfremur er þess þegar að geta, að þessi mótbára gagnáfrýjenda getur alls eigi komið til greina um sendinguna 29. júní 1907, því að hana greiddu þeir eins og áður segir fyrirvaralaust að öllu leyti og héldu áfram pöntunum án þess að geta þess að nokkru, að dósirnar hefðu verið ónothæfar eða aðfinsluverðar. Verður því að gera ráð fyrir því, að aðfinslur gagnáfrýjenda beinist eingöngu að síðari tveimur sendingunum, 27. okt. og 5. desbr. 1907.

Aðaláfrýjendur halda því fram, að gagnáfrýjendur hafi ekki fundið að vörnum í tækan tíma, og að þeir hafi með pöntunum sínum 11. nóv. og 9. des. 1907 og annari framkomu, fyrirgert rétti sínum til þess að koma fram þeim vörnum í máli þessu, að dósirnar hafi verið gallaðar, þótt þær hefðu verið það, sem aðaláfrýjendur mótmæla einnig. Þótt gagnáfrýjendur héldu áfram pöntunum sínum, verður eigi leidd af því, út af fyrir sig, sú ályktun, að þeir hafi þar með svipt sig rétti til aðfinslu við dósirnar, því að eftir samningnum áttu aðaláfrýjendur enn óskilað meiri hluta hinna umsömdu dósa, og þótt gagnáfrýjendur ætluðu að reyna að halda viðskiftunum



áfram, eins og til var stofnað í öndverðu, verður eigi litið svo á, að þeir hafi með því einu svipt sig rétti til að finna að fyrri afhendingum. Eins og fyr er tekið fram, synjuðu gagnáfrýjendur samþykkis síns á vixli aðaláfrýjenda fyrir sendinguna 27. okt. 1907. Þar með sýnast þeir hafa opnað sér leið til þess að finna að vörinni, ef hún reyndist að nokkru leyti eða öllu ónothæf. Og 9. des. 1907 eða 4 dögum eftir að sendingin 5. desbr. s. á. var send til þeirra, rita gagnáfrýjendur aðfinslubréf til aðaláfrýjenda, án þess þó að synja sendingunni síðustu viðtöku. Sýnist verða að skilja þetta svo, sem gagnáfrýjendur ætli að nota það, er nothæft reynist, en skila hinu og krefjast afsláttar á kaupverðinu að því skapi. Gera gagnáfrýjendur ráð fyrir því í bréfi þessu, að aðilar semji þetta með sér, enda fóru fram samningatilraunir í þessa átt í jan. 1908, og buðu gagnáfrýjendur þá til sátta 400 (eða 900) kr. En tilraunir þessar urðu árangurslausar. Í bréfi 6. febrúar 1908 skora gagnáfrýjendur svo á aðaláfrýjendur að hirða dósirnar, með því að þær séu óbrúklegar.

Þegar litið er til þess, að nokkurn tíma virðist þurfa til fullnaðarrannsókna slíkra dósa og til þess að gagnáfrýjendur höfðu þegar slegið varnagla um sendingarnar 27. okt. og 5. des. 1907, þá virðast þeir eigi hafa fyrirgert rétti sínum til þess að finna að dósunum.

Eftir atvikum sýnist mega telja það sannað í málinu, að allmikið af dósum þeim, sem aðaláfrýjendur sendu gagnáfrýjendum hafi verið gallað svo, að þær gátu ekki talist samningshæfar. Eftir málfærslunni að dæma sýnist svo, sem dósir úr öllum sendingunum hafi getað verið gallaðar. En eins og áður er sagt geta gagnáfrýjendur

eigi komið þeirri vörn að um fyrstu sendinguna. Verður því einungis spurning um það, hversu mikið af síðustu sendingunum hafi reynst óhæft, með því að framtalning gagnáfrýjenda á gölluðum dósnum getur einnig eingöngu átt við þær, þó að upplýsingum í málinu sé að þessu leyti harla ábótavant. Gagnáfrýjendur hafa kannast við, að reynt hafi verið að sjóða niður í 8000 2 pd. dósir frá aðaláfrýjendum. Þar af hafi þó að minsta kosti 31 % orðið alveg ónýtar, eða 2480. 27. okt. 1907 og 5. des. s. á. sendu aðaláfrýjendur gagnáfrýjendum alls 8552 2 pd. dósir. Verður því samkvæmt skýrslu gagnáfrýjenda í sambandi við vitnaskýrslur í málinu að gera ráð fyrir, að gagnáfrýjendur hafi alls eigi reynt að nota  $8552 \div 8000 = 552$  af 2 pd. dósunum. Virðist því svo sem  $552 + 2480 = 3032$  af 2 pd. dósunum hafi reynst alveg óbrúklegar. Ennfremur telja gagnáfrýjendur sig hafa reynt að nota 3000 af 1 pd. dósunum, og að af þeim 3000 dósnum hafi einnig 31 % eða 930 reynst alveg óbrúklegar. Verður einnig af sömu ástæðum, sem sagt var um 2 pd. dósirnar, að leggja þessa skýrslu til grundvallar. Í sendingunni 27. okt. og 5. des. 1907 voru samtals 7850 1 pd. dósir. Virðast gagnáfrýjendur því þegar í byrjun hafa talið  $7850 \div 3000 = 4850$  1 pd. dósir alveg óbrúklegar. En alls hafa samkvæmt áðursögðu  $4850 + 930 = 5780$  1 pd. dósir gengið frá sem óbrúklegar. Það virðist mega ráða það af málfærslu gagnáfrýjenda og vitnaskýrslum í málinu, að þær 3, 4 og  $1/2$  pd. dósir, sem sendar voru 27. okt. og 5. des. 1907 hafi eigi orðið notaðar. Enda skora gagnáfrýjendur 6. febr. 1908 á aðaláfrýjendur að hirða dósirnar, og sýnist verða að skilja það svo, sem þeir eigi að hirða allar ónotuðu dósirnar.



Verður því að gera ráð fyrir því, að þær 1662 4 pd. dósir, 1659 3 pd. dósir og 1000  $\frac{1}{2}$  pd. dósir, sem fóru í sendingunni 27. okt. 1907, hafi reynst óbrúklegar. Frá kröfu aðaláfrýjenda, eins og hún var ákveðin í gestaréttardóminum, kemur því til frádráttar andvirði hinna ónot-hæfu dósa, eins og hér segir:

3032	2 pd. dósir	á kr. 102,50.	1000	kr. 310,78
5780	1 pd. dósir	á kr. 81,50.	1000	kr. 471,07
1662	4 pd. dósir	á kr. 19,50.	100	kr. 324,09
1659	3 pd. dósir	á kr. 18,00.	100	kr. 298,62
1000	$\frac{1}{2}$ pd. dósir	á kr. 8,00.	100	kr. 80,00

Samtals kr. 1484,56

Fyrir því verður að skylda gagnáfrýjendur til þess að greiða andvirði dósanna, svo sem segir í gestaréttardóminum, að frádræginni áður nefndri upphæð, eða kr. 2505,16 ÷ 1484,56 = kr. 1020,60 með vöxtum  $6\frac{1}{2}\%$  p. a. frá stefnudegi til greiðsludags.

Því næst kemur til álita 1000 kr. skaðabótakrafan, sem gestarétturinn dæmdi aðaláfrýjendum. Hún er byggð á því, að aðaláfrýjendur hafi orðið af væntanlegum ágóða af dósasölu, með því að gagnáfrýjendum hafi verið skylt að kaupa af þeim 100 þúsund dósir, samkvæmt samningunum 1907, en eigi tekið nema 28 þúsund dósir. Eins og sýnt hefir verið, verður að líta svo á, sem aðaláfrýjendur hafi eigi fullnægt téðum samningi, enda hafa þeir eigi, svo að fram sé komið í málinu, boðið að inna af hendi pöntun gagnáfrýjenda hina síðustu, 9. des. 1907. Hafa málsaðilar að vísu hvorugir sagt hinum berlega upp samningnum, en hvorki hafa aðaláfrýjendur sint nefndri pöntun né heldur hafa gagnáfrýjendur gengið eftir henni. Má því telja samninginn brottfallinn með þagnarsamþykki

beggja aðila fyrirvaralaust, og verður skaðabótakrafa þessi því eigi tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður aðalsakar fyrir báðum réttum falli niður.

Verða þá fyrir kröfur gagnáfrýjenda í gagnsökinni. Teljast þeir, svo sem áður er sagt, hafa beðið ýmiskonar tjón af vanefndum aðaláfrýjenda á samningnum frá 1907. Sundurliða þeir kröfur sínar í þessa átt þannig:

- |    |  |              |
|----|--|--------------|
| 1. | 31 % af 8000 2 pd. dósum af fiski-     |              |
|    | bollum á kr. 0,60 . . . . .            | kr. 1488,00  |
| 2. | 31 % af 3000 1 pd. dósum af fiski-     |              |
|    | bollum á kr. 0,35 . . . . .            | — 325,50     |
| 3. | Tap á því að geta ekki soðið niður í   |              |
|    | 59698 2 pd. dósir af heilagfiski á kr. |              |
|    | 0,37 pr. dós . . . . .                 | — 22088,26   |
|    | Alls                                   | kr. 23901,26 |

Eins og áður segir höfðu gagnáfrýjendur sagt aðaláfrýjendum, að þeir þyrftu eigi að flyta sér með dósafhendingu sumarið 1907 framur en verkast vildi. Þó að gagnáfrýjendur því hefði vantað dósir það ár, verður aðaláfrýjendum engin sök á því gefin. En vitni hafa jafnframt borið það, að dósaskortur hafi heft eða rofið niðursuðuna 1908. Svo er að sjá á skýrslum í málinu, sem þær 8000 + 3000 dósir, sem ætla má að gagnáfrýjendur hafi sumpart í raun og veru notað og sumpart ætlað að nota, eins og fyr er að vikið, hafi fyrst síðast í maí 1908 verið reyndar og teknar til afnota að því leyti sem unt var. En 6. febrúar 1908 skoruðu gagnáfrýjendur á aðaláfrýjendur að hirða dósirnar. Og eins og áður er tekið fram gengu gagnáfrýjendur alls ekki eftir því, að aðaláfrýjendur fullnægðu þöntuninni 9. des. 1907 og mátti



telja samninginn úr gildi numinn sem fyr segir. Einnig kveðast gagnáfrýjendur fyrir 6. febr. 1908 hafa gengið úr skugga um það, að aðaláfrýjendur gætu ekki búið til dósir handa niðursuðuverksmiðjunni svo að í lagi væri. Þar sem nú svo er að sjá, sem gagnáfrýjendur hafi ekki einu sinni þurft að nota umgetnar 8000 + 3000 dósir fyrir en síðast í maí 1908, virðast þeir hafa haft nægan tíma til þess að útvega sér dósir frá öðrum en aðaláfrýjendum svo tímanlega á árinu 1908, að þær hefðu getað verið komnar gagnáfrýjendum í hendur, þegar þeir hefðu þurft á þeim að halda. Ef þeir hafa beðið tjón af dósaskorti, þá virðist það því vera þeirra sök sjálfra, en eigi aðaláfrýjanda. Og verður því að sýkna aðaláfrýjendur af gagnkröfunum í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Þess skal loks getið, að síðan dómur var uppkveðinn í gestaréttinum í máli þessu, hefir krafan út af dósandvirðinu verið framseld til eignar Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni í Reykjavík með framsölum 13. desbr. 1909 og 24. ágúst 1911. Ber því samkvæmt kröfu hans, að dæma gagnáfrýjendur til að greiða honum áður umgetnar kr. 1020,60.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjendur, firmað P. M. Bjarnarson & Co., greiði Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni kr. 1020,60 með vöxtum  $6\frac{1}{2}\%$  p. a. frá 14. apríl 1908. Að öðru leyti séu gagnáfrýjendur sýknir í aðalsök af kröfum aðaláfrýjenda, firmans Péturs Jónssonar

& sonar. Í gagnsök eiga aðaláfrýjendur að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjenda. Málskostnaður aðal- og gagnsakar falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. apríl.

Nr. 10/1914.

Valdstjórnin  
gegn

Louis Charles Maillard.

D ó m u r :

Mál þetta hefir verið höfðað gegn kærða Louis Charles Maillard, skipstjóra á botnvörpuskipinu »Liberté« frá Fécamp, fyrir brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898, og var hann með lögregluréttar-  
dómi Vestmannaeyjasýslu uppkveðnum 17. apríl f. á. dæmdur í 2160 króna eða 3000 franka sekt til lands-  
sjóðs, en öll veiðarfæri skipsins, þar með taldir drag-  
strengir, voru dæmd upptæk, svo og allur affi innanborðs,  
og skyldi andvirði þess renna í landssjóð.

Stjórnarráð Íslands hefir skotið þessum dómi til  
landsyfírréttarins.

Formaður á mótorbátnum »Haffari« frá Vestmanna-  
eyjum og 3 menn aðrir af bátshöfninni hafa borið það  
sem vitni og unnið eið að því, að botnvörpuskip með  
einkennisstöfunum F. 1957 hafi verið að veiðum milli